

# Fundargerð

## 1. Almennar upplýsingar

---

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Blástur og tengingar á ljósleiðarakerfi Leiðarljóss í Kjós
- 1.2. **Dagsetning:** 9.4.2019 **Fundartími:** 9:00 – 10:00
- 1.3. **Staður:** Ásgarður í Kjós
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Guðmundur Daníelsson (GD), Kjartan Ólafsson (KÓ), Eiríkur Sæmundsson (ES), Sigríður Klara Árnadóttir (SKÁ), Karl M. Kristjánsson (KMK)

## 2. Dagskrá

---

- Útistandandi frá síðasta verkfundi
- Framgangur áfanga sem unnið er við
- Næstu skref og áfangar
- Önnur mál er varðar efni fundarins

## 3. Umræður

---

- Farið yfir síðustu verkfundargerð. ES á eftir að uppfæra verkáætlun til samræmis við ákvörðun um að mæla hvern áfanga fyrir sig eftir að honum líkur. Önnur atriði frá síðasta verkfundi lokið.
- Eftir er að blása heimtaugum í 9 tengistaði og um helmingur tengitunna í brunnum og skápum eru frágengnar. Vinna í tengimiðju í Hjarðarholti stendur yfir og reiknað með að henni ljúki í viku 15 eða upphafi viku 16. ES sendir GD staðfestingu á því hvenær tengimiðja verður tilbúin fyrir þjónustuveitur að setja upp sinn búnað.
- Hægt hefur á breytingum og viðbótum notenda. Tekin ákvörðun um að nýjar umsóknir sem berast verði settar í „næsta áfanga“ svo ganga megi frá endanlegum gögnum fyrir verktaka og þjónustuveitur. Reiknað er með að kerfið verði tilbúið til notkunar um miðjan maí og notendur geti tengst í framhaldinu að því gefnu að mælingar gefi ekki annað til kynna.
- Eftir að blæstri líkur, síðar í þessari viku verður aukinn kraftur settur í að setja upp tengibox á tengistöðum og tengja tengitunnur. Allur tiltækur mannskapur verktaka sem hæfur er til slíkra verka sinnir því svo notendur geti tengst sem allra fyrst.
- ES minnst á hús þar sem að frágangur röra, síðasta spölinn inn í hús væri ábótavant, ofanjarðar, lægi óvarinn og svo framvegis. ES sendir KÓ lista yfir þessi hús sem í framhaldi sér til þess að gengið verði frá á hverjum stað fyrir sig.
- Frágangur við Káranes ræddur. KÓ skoðar málið og ákveður aðgerðir.
- GD bað um að hafist yrði handa við mælingar á áfanga 2 sem fyrst svo að þræðir frá Grundahverfi, fyrir þjónustuveitur yrðu tilbúnir hið fyrsta.
- Rætt um efnismál og hvort að útlit sé fyrir að það vanti efni í verkefnið fram að verklokum ES sendir GD upplýsingar um málið.
- SKÁ fór yfir niðurstöðu fundar vegna aukaverka og að áðursendir reikningar sem þarfnast lagfæringa væru að detta á eindaga. ES fer yfir áðursenda reikningar og leiðréttir. Sagði jafnframt að SKÁ þyrfti ekki að hafa áhyggjur af eindaga, hann yrði lagfærður eftir leiðréttingu á reikningum.
- Fleira ekki rætt.

## 4. Niðurstaða / Næstu skref

---

- ES uppfærir verkáætlun með tilliti til mælinga á eftir hverjum áfanga.
- ES sendir GD upplýsingar um verklok verktaka í tengimiðju.
- GD og SKÁ senda þjónustuveitum lista yfir tengda tengistaði.
- ES sendir KÓ lista yfir inntök sem þarfnast skoðunar og frágangs.

# Fundargerð

---

- 4.5. KÓ heldur utan um lista yfir inntök sem þarfnast lagfæringa og frágangs.
- 4.6. KÓ skoðar Káranes og ákveður aðgerðir vegna frágangs.
- 4.7. ES sendir GD upplýsingar um hvort útlit sé fyrir efnisskort fram að verklokum.
- 4.8. ES lægfærir reikninga vegna aukaverka í samræmi við ákvörðun fundar um málið.